

## Minnisblað – BÞHE

### Lífúrgangur og sérsöfnun við heimili

Minnisblað þetta er ritað vegna vinnu við innleiðingu á BÞHE vegna breytinga sem gerðar hafa verið á lögum um meðhöndlum úrgangs. Með minnisblaðinu er markmiðið að kanna hverjar skyldur sveitarfélaga eru í þéttbýli varðandi söfnun lífræns úrgangs.

#### I. Málavextir:

Með lögum nr. 103/2021 voru gerðar viðamiklar breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs, ein af breytingunum felst í kröfu um að sérsöfnun við heimili/íbúðarhús verði í fjórum mismunandi flokkum. Jafnframt er markmið laganna að innleiða svokallað „borgað þegar hent er“ kerfi sem felur það í sér að íbúar geti haft áhrif á þau gjöld sem þeir greiða með því að skila af sér minni úrgangi.

#### II. Lagaumhverfi eftir breytingar

Þau lagaákvæði sem máli skipta þegar lagt er mat á álitæfnið eru:

##### ■ 1. gr. Markmið.

[Markmið laga þessara er að skapa skilyrði fyrir myndun hringrásarhagkerfis og tryggja að úrgangsstjórnun og meðhöndlun úrgangs fari þannig fram að:

##### ■ [8. gr. Fyrirkomulag við söfnun og meðhöndlun úrgangs.

Sveitarstjórn skal ákveða fyrirkomulag söfnunar á heimilis- og rekstrarúrgangi í sveitarfélaginu. Fyrirkomulag söfnunarinnar skal stuðla að því að markmiðum laga þessara og reglugerða sem settar eru á grundvelli þeirra verði náð í sveitarfélaginu, þ.m.t. töluleg markmið um endurvinnslu og endurnýtingu. Sveitarstjórn ber ábyrgð á flutningi heimilisúrgangs og skal sjá um að starfræktar séu móttöku- og söfnunarstöðvar fyrir úrgang sem fellur til í sveitarfélaginu, eftir atvikum í samstarfi við aðrar sveitarstjórnir.

##### 4. mgr. 9. gr.:

Óheimilt er að losa úrgang annars staðar en á móttökustöð eða í sorpílát, þ.m.t. grenndargáma. Opin brennsla úrgangs er óheimil. Þetta á þó ekki við um skipulagðar brennur, svo sem áramótabrennur, sem hefur verið veitt starfsleyfi fyrir samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að losa lífúrgang í heimajarðgerð. Við flutning og geymslu úrgangs skal handhafi úrgangs gæta þess að ekki hljótist af mengun eða annar skaði fyrir umhverfi.]<sup>3)</sup>

##### 10. gr. Sérstök söfnun og flokkun úrgangs

Koma skal upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi þar sem það er nauðsynlegt til að uppfylla ákvæði 1. mgr. 11. gr. og koma í veg fyrir að úrgangur blandist öðrum úrgangi eða öðrum efniviði með aðra eiginleika. Sérstök söfnun skal vera á a.m.k. eftirfarandi úrgangstegundum: pappír og pappa, málmum, plasti, gleri, lífúrgangi, textíl og spilliefnum. Heimajarðgerð er þó heimil sem og söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, sbr. 4. mgr. 9. gr. og 2. mgr. 57. gr. Sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangi skal fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli. Söfnunin skal fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. Þó er heimilt að hafa sameiginlega söfnun úrgangs fyrir aðliggjandi lóðir að því tilskildu að öll söfnun úrgangs færist af viðkomandi lóðum. Enn fremur er heimilt að víkja frá ákvæði um söfnun innan lóðar þegar um er að ræða rúmfrekan úrgang, svo sem garðaúrgang, sem safnað er á söfnunar- eða móttökustöð. Sveitarfélögum er heimilt að uppfylla skyldu til sérstakrar söfnunar á gleri, málmum og textíl með söfnun í grenndargáma, að því tilskildu að það fyrirkomulag söfnunar stuðli að því að markmiðum laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim verði náð, sbr. 1. mgr. 8. gr. Sérstök söfnun á spilliefnum skal fara fram í nærumhverfi íbúa. Sveitarfélög skulu útfæra nánara fyrirkomulag sérstakrar söfnunar í samþykkt um meðhöndlun úrgangs.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar, að veita undanþágu frá ákvæðum um sérstaka söfnun, sbr. 1. mgr., að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum, ásamt nánari skilyrðum sem ráðherra er heimilt að setja í reglugerð, sbr. 43. gr.:

- a. blönduð söfnun tiltekinna tegunda úrgangs hafi ekki áhrif á möguleika til endurnýtingar þeirra úrgangstegunda og slík söfnun tryggji sambærileg gæði úrgangsins og fæst með sérstakri söfnun,
- b. sérstök söfnun skili ekki bestri heildarniðurstöðu fyrir umhverfið,
- c. sérstök söfnun sé ekki tæknilega möguleg, eða
- d. sérstök söfnun hafi í för með sér óhóflegan kostnað.

Einstaklingum og lögaðilum er skylt að flokka heimilisúrgang í samræmi við ákvæði 1. mgr.

### 3. mgr. 13. gr.

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að tölulegum markmiðum sem sett eru um heimilisúrgang og lífrænan úrgang sé náð á þeirra svæði.

#### ■ 57. gr. Lífrænn úrgangur.

Lífrænn úrgangur skal meðhöndlaður með hliðsjón af markmiðum laga þessara, sbr. 1. gr., og í samræmi við forgangsröðun við meðhöndlun úrgangs, sbr. 7. gr., að eins miklu leyti og unnt er, einkum með því að:

- a. nota hann í jarðgerð og/eða gasvinnslu,
- b. vinna úr honum áburð, eða
- c. nota efni sem eru framleidd úr honum.

Lífúrgangi skal safnað sérstaklega, sbr. einnig 1. mgr. 10. gr., og hann meðhöndlaður í samræmi við 1. mgr.

Einnig er heimilt að aðskilja lífúrgang og endurvinna á upprunastað, sbr. 4. másl. 4. mgr. 9. gr. Heimilt er að víkja frá skyldu til sérstakrar söfnunar lífúrgangs og safna með honum umbúðaúrgangi sem hefur svipaða eiginleika til lífræns niðurbrots og jarðgerðar og uppfyllir viðeigandi evrópska eða íslenska staðla þar um.

Sveitarstjórnir bera ábyrgð á að markmiðum sem sett eru um lífrænan úrgang skv. 13. gr. sé náð á þeirra svæði.

Ráðherra er heimilt að setja í reglugerð nánari ákvæði um nýtingu og aðra meðhöndlun lífræns úrgangs, sbr. 43. gr.

### III. Álit

Þegar litið er til þeirra lagaákvæða sem gilda um söfnun lífúrgangs við heimili þá er ljóst í fyrsta lagi að skylda hvílir á sveitarstjórnnum að koma upp sérstakri söfnun á heimilisúrgangi á eftirtöldum þremur flokkum:

- a. Pappír og pappi
- b. Plast
- c. Lífúrgangur

Ekki er skylt að hafa tunnu við íbúðarhús fyrir annan úrgang þó öll sveitarfélög kjósi að hafa slíka söfnun a.m.k. við íbúðarhús í þéttbýli a.m.k.

Í 10. gr. laganna kemur skýrlega fram að sérstök söfnun á pappír og pappa, plasti og lífúrgangs skuli fara fram á sem aðgengilegastan hátt við íbúðarhús og hjá lögaðilum í þéttbýli og skuli fara fram innan lóðar viðkomandi íbúðarhúss eða lögaðila. Þessi skylda til flokkunar í þrjá flokka er því til staðar í þéttbýli, en í dreifbýli er ekki sama skylda til sérstakrar söfnunar við íbúðarhús/fyrirtæki, þó enn sé til staðar skylda til þess að sérstök söfnun fari fram á öllum þessum úrgangsflokkum (auk annarra sem heimilt er að hafa í grenndarstöð). Því er t.d. ekki heldur skylda til þess að viðhafa sérstaka söfnun við heimili á pappír/pappa, plasti og lífúrgangi í dreifbýli.

Hvað lífúrgang varðar í þéttbýli eru ákveðnar heimildir til heimajarðgerðar. Í 4. mgr. 9. gr. laganna kemur fram að heimilt sé að losa lífúrgang í heimajarðgerð. Í 1. mgr. 10. gr. segir að heimajarðgerð sé heimil sem og söfnun lífúrgangs með öðrum úrgangi að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Þá kemur fram í 2. mgr. 57. gr. laganna að heimilt er að aðskilja lífúrgang og endurvinna á „upprunastað“, þ.e. við heimili eða fyrirtæki. Af þessu er ekki hægt að leiða annað en að heimajarðgerð ætti að geta komið í stað sérstakrar söfnunar við heimili í þéttbýli (sem dreifbýli þar sem ekki er til staðar sambærileg

skylda til sérstakrar söfnunar við húsvegg). Taka ber þó hér fram að bæði sveitarfélagi, sem og viðkomandi íbúa/fyrirtæki ber skylda til þess að viðhafa þessa sérstöku söfnun á lífúrgangi og ætti í öllu falli að gera kröfur til þess hvernig heimajarðgerð skuli fara fram, sem útfæra mætti í samþykkt viðkomandi sveitarfélags. Hér má jafnframt nefna að það gæti orðið flókið fyrir sveitarfélag að gera beinlínis kröfu um að allir séu með heimajarðgerð, enda þarf sveitarfélagið að sýna fram á að markmiðum um söfnun lífræns úrgangs skv. lögum um meðhöndlun úrgangs sé náð. Þá er jafnframt ýmis lífrænn úrgangur sem hentar síður til heimajarðgerðar og gæti valdið vandamálum s.s. vegna lyktar, má hér nefna t.d. fiskafanga og aðrar dýraafurðir.

Taka ber fram að þrátt fyrir ofangreindar ályktanir felst ekki í því að sveitarfélagi sé óheimilt að viðhafa sérstaka söfnun á lífúrgangi við heimili bæði í þéttbýli og dreifbýli, enda hefur sveitarfélagið víðtækar heimildir til þess að haga þjónustu sinni með þeim hætti sem það telur heppilegast til þess að ná markmiðum laganna um söfnun mismunandi úrgangsflokka, þ.m.t. lífúrgangs. Það ætti því ekki að myndast skylda hjá sveitarfélaginu að heimila heimajarðgerð sé sóst eftir slíkri heimild á grundvelli þeirra lagaákvæða sem rakin voru.

## **V. Niðurstaða**

Samkvæmt því sem að ofan er ritað er niðurstaða undirritaðs að sveitarfélög geti tekið ákvörðun um að heimila íbúum/fyrirtækjum að nýta heimajarðgerð í stað sérstakrar söfnunar lífúrgangs við heimili og með því séu uppfylltar kröfur laganna til sérstakrar söfnunar.

Ekki er um skyldu að ræða fyrir sveitarfélögin að heimila einstaklingum heimajarðgerð, heldur þarf að útfæra heimildir til heimajarðgerðar í samþykkt viðkomandi sveitarfélags um úrgangsmál.